



HEILBRIGÐISSTOFNUN  
SUÐURLANDS



Heilbrigðisstofnun Suðausturl  
Víkurbraut 31  
780 Höfn í Hornafirði

Hornafirði, 25. apríl 2020  
nr. erindis 201909059 GDÁ

### Málefni: Minnisblað með fjárhagsáætlun 2020

Vegna fjárhagsáætlunargerð hjúkrunarsviðs Skjólgarðs þurfti að endurskoða hana í heild sinni er forsendur samningsviðræðna milli Sveitarfélagsins Hornafjarðar og Heilbrigðisstofnunar Suðurlands lágu fyrir. Þessar breyttu rekstrarforsendur hafa gífurleg neikvæð áhrif á rekstur hjúkrunarsviðs og halli á rekstrinum staðreynd. Því höfum við þvert á stjórnendur og starfsmenn hjúkrunarsviðsog stjórnendur sveitarfélagsins hafið vinnu við endurskoðun rekstursins í tilraun að snúa við rekstrinum í jákvæð átt.

Fyrir liggja nokkrar tillögur og er vinnsla þeirra komin af stað. Þær eru;

- Sækja um að breyta dvalarrýmum í hjúkrunarrými nú þegar en ekki bíða þar til nýja viðbyggingin er tilbúin. Það er rekstrarlegur og launalegur ávinningur af þessari aðgerð ásamt því að íbúar munu geta tekið óhindrað þátt í viðburðum og félagsstarfi heimilisins ásamt því að vera með næturvakt nær sér.
- Loka eldhúsinu kl. 16 á daginn og starfsmenn í hjúkrunarheimilisins sjá um að bera fram matinn og ganga frá. Áætluð hagræðing í launum við þetta eru tæpar 9 millj.kr. á ári. Við sjáum fyrir okkur að það komist í framkvæmd í síðasta lagi 1. júlí næstkomandi.
- Leiðrétta kostnaðarfærslu tengt útseldum mat frá eldhúsi Skjólgarðs því stór hluti þess kostnaðar sem fellur á hjúkrunarsvið er kostnaður sem á að falla undir félagsþjónustu sveitarfélaga samkvæmt lögum um félagslega heimaþjónustu. Hluti af því er að reikna út raunkostnað allra máltíða dagsins og millimáltíða.
- Bæta þarf úr skráningu útselds matar bæði út til annarra stofnanna sveitarfélagsins, til starfsmanna, útselds matar í dagdvölum eldri borgara og fatlaðra ásamt heimsendum mat.
- Leiðrétta þarf kostnaðarfærslu vegna aksturs til og frá félagsstarfi eldri borgara en samkvæmt lögum um félagslega heimaþjónustu tilheyrir sú þjónusta undir félagsþjónustuna.
- Verið er að endurskoða mönnunarmódel hjúkrunarsviðs með það að markmiði að leita leiða til hagræðingar í launakostnaði.



HEILBRIGÐISSTOFNUN  
SUÐURLANDS



- Taka skal upp markvissa vinnu með viðverustefnu sveitarfélagsins með það að markmiði að lækka kostnað vegna skammtíma veikinda starfsmanna.
- Á nýliðnum starfsmannafundi hjúkrunarsviðs var kallað eftir tillögum allra starfsmanna um hvernig megi leita leiða til hagræðinga í rekstri.

Starfshópur er starfandi og á næsta mánudag þar sem unnið verður áfram að tillögum um hagræðingaraðgerðir og mun hann halda áfram störfum á meðan þessu verkefni stendur.

Virðingarfyllst

---

Guðrún Dadda Ásmundardóttir,  
framkvæmdastjóri HSU Hornafirði